



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
33. eigendafundar Sorpu bs.
Bæjarstjórnarsal Kópavogs, Hábraut 2
Þriðjudaginn 29. júní 2021, kl. 13:00

Mætt:

f.h. eigenda Sorpu bs.:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogi.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.

frá stjórn SORPU bs.:

Líf Magneudóttur, Reykjavík.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbær.

Enn fremur sátu fundinn Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Jón Kjartan Ágústsson svæðiskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Sorpu bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1. Breytt meðhöndlun úrgangs, umbreyting Sorpu og sorpbrennslan / málsnr. 1908010

Framhald frá umræðum á 32. eigendafundi Sorpu bs. Framkvæmdastjóri Sorpu bs kynnir áhrif á rekstur og gjaldskrármál Sorpu bs. vegna breyttrar meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi en ítarlegri samantekt um þau hefur nú verið gerð. Þá kynnir hann þá vinnu sem hefur farið fram í þeim tilgangi að framfylgja samkomulagi eigenda um að hætta urðun í Álfsnesi 1. janúar 2024 og finna úrgangi ábyrgari farveg. Þá er verkefni um sorpbrennslu til framtíðar, sem leitt er af sorpsamlögum á SV-horninu, komið í gang. Þá eru kynntar breytingar á einstökum liðum í gjaldskrá



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

sem fyrir séðar eru vegna þessa, en gert er ráð fyrir kostnaðarauka vegna útflutnings brennanlegs úrgangs.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Samkomulag eigenda um að urðun í Álfnesi verði hætt 1. janúar 2024 er óbreytt. Enn eru ákveðnir óvissuþættir varðandi umfang kostnaðarauka, en m.a. er niðurstaðna útboðs beðið og endanlegra magntalna enda getur sérsöfnun og samræming á höfuðborgarsvæðinu haft áhrif á þær. Í kjölfar þess verður skoðað með hvaða hætti kostnaðarauka og gjaldskrárhækkunum verður mætt.

2. Samræming úrgangsflokkunar / málsnr. 1906002

Umræða um sóknaráætlunarverkefnið um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 25. júní 2021, um stöðu verkefnis um samræmingu úrgangsflokkunar, en verkefnastjóri hefur hafið störf á grundvelli samstarfssamnings SSH og Sorpu bs. og gert er ráð fyrir að tillögur um innleiðingu samræmds úrgangsflokkunarkerfis liggi fyrir í október 2021.

Niðurstaða fundar:

Minnisblað svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins lagt fram. Eigendvettvangur leggur áherslu á að unnið verði eins hratt að samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu og mögulegt er. Mikilvægt er að samræmingin gangi vel fyrir sig og sveitarfélögin séu samstíga í verkefninu enda árangur af því gríðarlega mikilvægur m.a. með hliðsjón af umræðu í 1.dagskrárlíð.

3. Móttaka jarðefna við Bolaöldu / málsnr. 2103005

Minnisblað framkvæmdastjóra Sorpu bs. varðandi málið lagt fram. Áframhaldandi meðferð málsins er vísað til stjórnar Sorpu bs.

4. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.